

RÍKISENDURSKOÐUN

Háskóli Íslands

Niðurstöður fjárhagsendurskoðunar á
bókhaldi ársins 2020

Endurskoðunarskýrsla

Desember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur farið yfir ákveðna liði í ársreikningi Háskóla Íslands fyrir árið 2020. Háskóli Íslands er A-hluta stofnun ríkissjóðs og er ársreikningur skólans og annarra A-hluta stofnanna ekki áritaðir sérstaklega og því ekki gefið álit á ársreikninginn sjálfan. Endurskoðun fer fram sem hluti af endurskoðun ríkisreiknings og gefur Ríkisendurskoðandi út álit á ríkisreikning í heild sinni.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Endurskoðunin tók mið af alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum fyrir opinbera aðila. Val skoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á þeim liðum sem skoðaðir voru, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.


Við áhættumat er tekið tillit til þess innra eftirlits Háskóla Íslands sem varðar gerð og framsetningu tiltekinna liða ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggir viðunandi árangur. Endurskoðun á þeim liðum sem teknir voru fyrir felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur beita við gerð ársreikningsins.

Í skýrslu þessari er fjallað almennt um vinnu við endurskoðun einstakra liða ársreikningsins og niðurstöður hennar. Endurskoðunarvinna byggir á góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn. Starfsfólk Háskóla Íslands veitti þá aðstoð sem óskað var eftir og brást vel við ábendingum. Við færum þeim okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Efnisyfirlit

1	Lykiltölur úr rekstri.....	4	5.7	Fastafjármunir	10
2	Ábendingar og athugasemdir	5	5.8	Veltufjármunir	10
3	Áhættumat og mikilvægi.....	7	5.9	Skammtímaskuldir.....	10
4	Innra eftirlit	8	5.10	Eigið fé	11
5	Endurskoðun ársins	9	6	Almennt um bókhaldið.....	12
5.1	Niðurstaða endurskoðunarinnar.....	9			
5.2	Ársreikningur og framsetning hans.....	9			
5.3	Sviksemi.....	9			
5.4	Rekstrartekjur	9			
5.5	Laun og launatengd gjöld.....	9			
5.6	Annar rekstrarkostnaður	10			

1 Lykiltölur úr rekstri



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

Almennt um bókhaldið

Gerð er athugasemd við að aðgangur starfsmanna að bókhaldskerfinu er í sumum tilfellum of víðtækur og stangast jafnvel á við markmið innra eftirlits um aðgreiningu starfa. Gæta verður að því að ekki séu of margir starfsmenn með of víðtækan aðgang.

Texti með færslu þarf að vera lýsandi fyrir viðskiptin, skráning fylgiskjalsnúmers nægir ekki, enda segir í 4. mgr. 9. gr. laga 145/1994 um bókhald: „Færslurnar skulu vísa til viðeigandi frumgagna og geyma skýrar upplýsingar um efni viðskipta eða annarra atvika, reikningsheiti og dagsetningu“.

Ganga þarf úr skugga um að réttmæt skjöl liggi til grundvallar færslu í bókhaldið. Í 1. mgr. 8. gr. fyrrnefndra laga segir: „Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna“.

2

Tekjuskráning

Tryggja þarf, að færslur séu bókaðar á rétt tímabil, að þær færslur sem tilheyra viðkomandi ári verði bókaðar á það ár, þannig að lotun tekna milli tímabila verði rétt. Í 1. mgr. 9. gr. laga 145/1994 um bókhald segir: „Í bókhaldi skal skrá viðskipti jafnskjótt og þau fara fram

Lotun kreditreikninga reyndist ekki vera rétt í nokkrum tilvikum. Bæði var um að ræða debet- og kreditreikninga sem eiga við um árið 2020 voru færðir undir árið 2021. Stjórnendur bera ábyrgð á innra eftirliti og þurfa því að hafa yfirsýn yfir fyrirkomulag innra eftirlits og þekkja tilgang þess.

3

Launaferillinn

Ýmsar verklagsreglur hafa verið skráðar varðandi samskipti stofnunarinnar og launþegans varðandi margt það sem snýr að launþeganum. Launaferillinn hefur þó ekki verið skráður með formlegum hætti en er þó í föstum skorðum.

4

Fastafjármunir

Með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 sem tóku í gildi vegna ársins 2017 var sú breyting frá fyrri reikningsskilareglum að ríkisaðilum ber að færa til eignar alla varanlega rekstrarfjármuni sem áður voru gjaldfærðir. Þar á meðal eru fasteignir. Fasteignir eru þó ekki færðar hjá einstaka stofnunum, samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar eru fasteignir Háskóla Íslands ekki færðar í ársreikningi hans. Það er álit Ríkisendurskoðanda að það sé ekki í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur að fasteignir sem tilheyra skólanum séu ekki eignfærðar í efnahagsreikning.

Einnig er það álit Ríkisendurskoðanda að það sé ekki í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur að endurbætur á fasteignum séu eignfærðar sem fastafjármunir í efnahagsreikningi undir verkum í vinnslu þar sem, samkvæmt fjár- og fjáráukalögum, er gert ráð fyrir að Háskóli Íslands beri þennan kostnað. Uppsafnaður kostnaður 2017-2020 nam um 1.704,9 milljónum króna í árslok 2020. Þessar endurbætur eru ekki afskrifaðar.

Tryggja þarf að undirkerfi eigna (FA) stemmi við stöðuna í fjárhagsbókhalði (GL)

5

Annar rekstrarkostnaður

Tryggja þarf að fylgt sé reglum um risnuhald hjá ríkisstofnunum sem settar voru af fjármálaráðuneytinu þann 10. desember 1992

6

Viðskiptakröfur

Leiðréttu þarf viðskiptareikninga vegna ferðakostnaðar starfsmanna. Einnig þarf að tryggja að greiðslur krafna fari á móti réttum kennitölum

3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi stofnunarinnar eins og kostur er.

Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá stofnuninni sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Í reikningsskilum stofnunarinnar eru matskenndir liðir fyrst og fremst viðskiptakröfur.

Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 237 milljónir króna. Mikilvægismörk eru sú fjárhæð skekkna sem er talin að hafi ekki áhrif á upplýstan lesenda reikningsskilanna.

Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur.

4 Innra eftirlit

Innra eftirlit byggir á þeim eftirlitsþáttum sem fyrirtæki og stofnanir starfrækja til að uppgötva, fyrirbyggja eða leiðrétta villur í skráningu, meðhöndlun eða birtingu upplýsinga. Mikilvægir eftirlitsþættir og önnur öryggisatriði sem styðja við réttar fjárhagsupplýsingar geta meðal annars verið hluti af fjárhags- og hugbúnaðarkerfum fyrirtækisins og stoðkerfum þeirra.

Stjórnendur Háskóla Íslands bera ábyrgð á innra eftirliti stofnunarinnar og þurfa því að hafa yfirsýn yfir fyrirkomulag innra eftirlits og þekkja tilgang þess. Stjórnendur skulu setja verklagsreglur um innra eftirlit og ganga reglulega úr skugga um að innra eftirlitið virki eins og til er ætlast.

Við endurskoðunina er tekið tillit til innra eftirlits í tengslum við ársreikning í þeim tilgangi að móta endurskoðunaraðferð í samræmi við aðstæður. Megináhersla er lögð á að finna og greina eftirlitsaðgerðir hjá stofnuninni þar sem brugðist er við verulegum áhættum er varða fjárhagsupplýsingar sem birtast í ársreikningi.

Tveir mikilvægir eftirlitsþættir, sem almennt eiga við um flestar stofnanir, geta dregið verulega úr möguleikum óheiðarlegra starfsmanna til fjárdráttar, svika eða annarra ólögðra athæfa séu þeir virkir. Annars vegar er það aðskilnaður bókhalds- og fjárreiðustarfa og hins vegar kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggi áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila.

Því betur sem hægt er að treysta á innra eftirlit stofnunarinnar, því skilvirkari verður endurskoðunin þar sem virkt innra eftirlit dregur úr umfangi þeirrar gagnaskoðunarvinnu sem gera þarf.

5 Endurskoðun ársins

5.1 Niðurstaða endurskoðunarinnar

Endurskoðunin var gerð er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila.

5.2 Ársreikningur og framsetning hans

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Ársreikningurinn er unninn af Fjársýslu ríkisins.

5.3 Sviksemi

Samkvæmt endurskoðunarstöðlum ber Ríkisendurskoðun skylda til þess að kanna með sérstökum aðgerðum þá hættu sem stofnuninni stafar af hugsanlegri sviksemi og rangfærslum í bókhaldi vegna slíks. Farið var yfir þessi mál með innri endurskoðanda og fjármálastjóra. Hlutverk endurskoðandans hvað varðar sviksemi er að öðlast nægjanlega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra rangfærslna sem rekja má til sviksemi.

5.4 Rekstrartekjur

Meginmarkmið með skoðun á tekjum er að kanna heild, tilvist og lotun, þ.e. að allar tekjur sem tilheyra stofnuninni skili sér og að þær séu færðar á rétt tímabil. Við endurskoðun ársins var verklag við tekjufærslur yfirfarið og kannað, breytingar milli ára og frávik greind og úrtak tekið úr reikningum við áramót.

Stærstu tekjupóstar stofnunarinnar fyrir utan lögbundið framlag ríkissjóðs, eru vegna sölu á vöru og þjónustu 2.497 m.kr., þá koma tekjur vegna innbyrðis framlaga milli A-hluta stofnana 2.726 m.kr. og framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir 1.139 m.kr.

Lotun kreditreikninga reyndist ekki vera rétt. Bæði var um að ræða debet- og kreditreikninga sem eiga við um árið 2020 voru færðir á árið 2021

5.5 Laun og launatengd gjöld

Við endurskoðun ársins var verklag við færslu launa yfirfarið og kannað, sundurliðaður launakostnaður borinn saman milli ára og frávik greind. Launakerfið stemmir ekki við fjárhagsbókhaldið en munurinn liggur í bakfærslu í launakerfi sem gerð er 31.12.2020 kr. 190.219,-. Einnig eru gerðar leiðréttingar á árinu 2020, sem tilheyra árinu 2019, vegna kjarasamninga. Ýmsar verklagsreglur hafa verið skráðar varðandi samskipti stofnunarinnar og launþegans varðandi margt það sem snýr að launþeganum. Launaferillinn hefur þó ekki verið skráður formlega en er í föstum skorðum. Fylgt er leiðbeinum Fjársýslunnar varðandi launavinnslu og dagsetningar vegna launavinnslu virtar.

Launaferillinn er hefur ekki verið skráður með formlegum hætti. Hann þarf að setja upp og skrá formlega.

5.6 Annar rekstrarkostnaður

Í skoðun á öðrum rekstrarkostnaði felst að aflað er þekkingar á þeim verkferlum sem undir viðfangsefnið falla og því innra eftirliti sem er til staðar vegna þeirra, auk prófana á innra eftirliti og frekari gagnaskoðun.

Meðal þess sem var skoðað var hvort reglum um risnuhald hjá ríkisstofnunum sem gefnar voru út af fjármálaráðuneytinu 10. desember 1992 væri fylgt. Í einu tilfelli vantaði risnuheimild en um það er gerð krafa í 3. lið c. í áðurnefndum reglum og í tveimur tilfellum var þess ekki getið hverjir nutu risunnar en um það er einnig gerð krafa í 3. lið c. í áðurnefndra reglna.

Tryggja þarf að fylgt sé reglum um risnuhald hjá ríkisstofnunum sem settar voru af fjármálaráðuneytinu þann 10. desember 1992

5.7 Fastafjármunir

Farið var yfir það að meðferð rekstrarfjármuna sé í samræmi við reikningsskilareglur. Tekið var úrtak úr eignfærslum og réttmæti þeirra staðfest.

Stórar fjárfestingarákvarðanir eru teknar í samráði við ráðuneytið og með sérstökum framlögum á fjárlögum.

Á árinu 2020 voru varanlegir rekstrarfjármunir keyptir fyrir samtals 787,7 m.kr. og afskriftir námu 508,5 m.kr. Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna nam 3.820,6 m.kr. í árslok.

Undirkerfi eigna (FA) stemmir ekki við fjárhagsbókhaldið (GL)

Undir fastafjármunum er eignfærður liðurinn verk í vinnslu sem nam samtals 1.704,9 m.kr. í árslok 2020 og er vegna endurbóta á fasteignum á árunum 2017-2020 og nemur aukning ársins 2020 samtals 248,3 m.kr. Um er að ræða endurbætur á fasteignum sem eru ekki í eigu Háskóla Íslands auk þess sem þessar endurbætur eru ekki afskrifaðar.

Samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis eru fasteignir Háskóla Íslands undanskildar eignum hans en fyrirhugað er að hafa þær í sérstöku félagi. Á meðan ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun færir skólinn nýframkvæmdir og endurbætur undir liðinn „verk í vinnslu“ meðal fastafjármuna.

5.8 Veltufjármunir

Undir veltufjármuni falla viðskiptakröfur, tengdir aðilar, aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ásamt handbæru fé.

Farið var yfir niðurfærslu viðskiptakrafna og kröfur eldri en 90 daga. Óskað var eftir staðfestingarbréfum frá fjármálastofnunum og þau borin saman við stöðu handbærs fjár í bókhaldi.

Leiðréttu þarf viðskiptareikninga vegna ferðakostnaðar starfsmanna. Einnig þarf að tryggja að greiðslur krafna fari á móti réttum kennitölum

5.9 Skammtímaskuldir

Undir skammtímaskuldir falla viðskiptaskuldir, tengdir aðilar, ýmsar skammtímaskuldir, auk frestunar tekna vegna fjárfestingarheimilda.

Skammtímaskuldir nema 11.298,3 m.kr. í árslok 2020 en þar af er skuld vegna eignfærslu fastafjármuna samtals 6.194,9 m.kr.

5.10 Eigið fé

Eigið fé stofnunarinnar var jákvætt um 6.373,6 m.kr. og skuldir námu 11.298,3 m.kr. Breyting á eign fé skýrist af afkomu ársins sem var 1.450,0 m.kr

6 Almennt um bókhaldið

Hjá stofnuninni eru til staðar verklagsreglur og fer skráning bókhalds og uppgjör alfarið fram í rafrænu umhverfi og er mikil vinna lögð í afstemmingar. Verklagsreglur þessar eru þó ekki allar skrásettar með formlegum hætti.

Farið var yfir aðgang starfsmanna á fjármálasviði að bókhaldskerfinu. Það kom í ljós að nokkrir starfsmenn hafa of víðtækan aðgang, svo víðtækan að hann stangast á við markmið innra eftirlits um aðgreiningu starfa.

Gerð er athugasemd við að aðgangur starfsmanna að bókhaldskerfinu er í sumum tilfellum of víðtækur og stangast jafnvel á við markmið innra eftirlits um aðgreiningu starfa. Gæta verður að því að ekki séu of margir starfsmenn með of víðtækan aðgang, þegar minni aðgangur gæti dugað.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is